

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

#### *Vogabyggð, svæði 5.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 14. janúar 2022, breytingu á deiliskipulagi Vogabyggðar, svæði 5. Breytingin felst í því að smábátahöfn Snarfara er stækkuð og dýpkuð. Hluti hafnargarðs, sem liggur í austur-vesturstefnu er fjarlægður og hafnargarður sem liggur í norður-suðurstefnu er lengdur til norðurs. Flotbryggjur lengjast og bátastæðum fjölga úr 152 í 250. Lóð smábátahafnar á landi stækkar sem nemur lárétu svæði hafnargarðs. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Járnsléttu 8.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulags- og samgönguráð Reykjavíkur, með vísan til a-liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs, 23. mars 2022, breytingu á deiliskipulagi Esjumela vegna lóðarinnar nr. 8 við Járnsléttu. Í breytingunni felst stækkun á byggingarreit lóðarinnar vegna áætlana um byggingu viðbótar stakstæðrar einnar hæðar byggingar á lóðinni. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

#### *Skógarvegur 2.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 9. maí 2022, breytingu á deiliskipulagi neðan Sléttuvegar vegna lóðarinnar nr. 2 við Skógarveg. Í breytingunni felst að heimilt er að setja svalalokanir á efstu hæð hússins. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 12. maí 2022.*

**Björn Axelsson.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 27. maí 2022